

## REGLUGERÐ

### um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu.

#### 1. gr.

#### Orðskýringar.

Þegar eftirfarandi hugtök eru notuð í reglugerð þessari hafa þau þá merkingu sem hér greinir:

**Aðflugstjórnarþjónusta** (*Approach control service*): Flugstjórnarþjónusta við stjórnað flug í aðflugi og brottflugi.

**Flugleiðsöguþjónusta** (*Air Navigation Services*): Með flugleiðsöguþjónustu er átt við flugumferðar- og fjarskiptaþjónustu, leiðsögu- og kögunarþjónustu, veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og flugupplýsingarþjónustu.

**Flugstjórnarsvæðiþjónusta** (*Area control service*): Flugstjórnarþjónusta fyrir stjórnað flug í tilteknu loftrými.

**Flugstjórnarþjónusta** (*Air traffic control (ATC) service*): Þjónusta sem veitt er í þeim tilgangi að: (a) að koma í veg fyrir árekstur: - milli loftfara, og – á umferðarsvæði flugvalla milli loftfars og hindrana; og (b) flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð.

**Flugumferðarþjónusta** (*Air traffic services*): Heiti yfirhugtaks sem nær til mismunandi flugupplýsingarþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu og flugstjórnarþjónustu (aðflugstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðiþjónustu og flugturnsþjónustu).

**Leiðsöguþjónusta** (*Navigation service*): Sú þjónusta sem veitir upplýsingar um stöðu og tíma til loftfara.

**Rekstrarstjórnun flugumferðar** (*Air Traffic Management*): Samstillt stjórnun í lofti og á jörðu niðri (flugumferðarþjónustu, loftrýmisstjórnun og flæðisstjórnun flugumferðar) sem krafist er til að tryggja örugga og skilvirka hreyfingu loftfars á öllum stigum starfrækslu.

**Starfsmenn í öryggistengdum störfum** (*Safety-sensitive personnel*): Starfsmenn sem gætu heft öryggi í flugi ef þeir framkvæma störf sín og skyldur á óviðeigandi hátt. Þeir eru, en þó ekki takmarkaðir við, flugáhafnir, viðgerðarmenn loftfara og flugumferðarstjóra.

**Upplýsingarþjónusta flugmála** (*Aeronautical Information Service*): Þjónusta sem stofnuð er innan skilgreinds rýmis og sem er ábyrg fyrir að miðla flugmálaupplýsingum og gögnum sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi, reglufestu og skilvirkni í flugleiðsögu.

**Veðurþjónusta** (*Meteorological services*): Sú aðstaða og þjónusta, sem veitt er af ríkjum til notkunar fyrir flug, sem veitir loftfari veðurspár, yfirlit og athuganir sem og hvers konar aðrar veðurupplýsingar og gögn.

**Viðbúnaðarþjónusta** (*Alerting service*): Þjónusta sem tilkynnir viðeigandi stofnunum, þegar nauðsyn er leitar- og björgunaraðgerða vegna loftfara, og er til aðstoðar slíkum stofnunum eftir þörfum.

**Öryggisstjórnunarkerfi** (*Safety management system*): Kerfi til að stjórna öryggi í flugleiðsöguþjónustu, sem felur í sér stjórnunarlega uppbyggingu, ábyrgð, verklag, aðferðir og ráðstafanir til að öryggisstefnu í flugleiðsöguþjónustu sé framfylgt af rekstraraðila, sem sér um öryggisráðstafanir og örugga starfrækslu þjónustunnar.

## 2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til flugleiðsöguþjónustu sem veitt er hér á landi, í lofthelgi Íslands og í því loftrými sem Íslandi hefur verið falin þjónusta í samkvæmt alþjóðlegum eða tvíhliða samningum, eftir atvikum.

## 3. gr.

*Leiðbeiningarefni.*

Víða í reglugerð þessari er vísað til krafna og leiðbeiningarefnis í viðaukum við Chicago–samninginn og leiðbeinandi efnis útgefins af Alþjóðaflugmálastofnuninni og krafna og leiðbeiningarefnis Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (EUROCONTROL).

Leiðbeiningarefnið hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum þeim sem í reglugerð þessari er lýst eða er þeim kröfum til frekari uppfyllingar. Fylgja skal þessu leiðbeiningarefni til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar, nema til komi a.m.k. jafngildar aðferðir sem ekki eru taldar skerða flugöryggi að mati Flugmálastjórnar. Til að samþykkja aðferðir sem jafngildar, þarf umsækjandi að sýna á fullnægjandi hátt fram á að flugöryggi skerðist ekki með sérfræðiáliti sem Flugmálastjórn metur viðunandi.

## 4. gr.

*Starfsleyfis skylda.*

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu er hver sá opinber aðili eða fyrirtæki sem veitir flugleiðsöguþjónustu fyrir flugumferð. Nú vill aðili hefja starfsleysis skylda flugleiðsöguþjónustu og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar minnst þremur mánuðum fyrir upphaf þjónustunnar.

## 5. gr.

*Starfsleyfiskröfur.*

Umsækjandi um starfsleyfi skal sýna fram á að hann uppfylli þau almennu skilyrði sem tilgreind eru í viðauka I við reglugerð þessa og sérstök skilyrði, í samræmi við þá þjónustu sem hann óskar eftir að veita, sem tilgreind eru í viðauka II–V.

Flugmálastjórn er heimilt að undanþiggja umsækjanda tímabundið frá einstökum skilyrðum samkvæmt viðaukum II-V enda sé flugöryggi ekki stefnt í hættu að mati stofnunarinnar. Meta skal reglubundið forsendur, eðli og gildissvið undanþágu samkvæmt skilyrðum starfsleyfis. Telji Flugmálastjórn forsendur undanþágu ekki lengur eiga við skal hún þá tilkynna leyfishafa ákvörðun sína og samhliða gera breytingar á starfsleyfisskilyrðum.

## 6. gr.

*Afgreiðsla starfsleyfis.*

Umsækjandi um starfsleyfi skal veita allar upplýsingar og framvísa gögnum sem sýna fram á að hann uppfylli almenn og sérstök skilyrði til starfsleyfisins. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja með fyrstu umsókn og eftir því sem við á, umsóknum um breytingu eða endurnýjun:

1. Opinbert nafn, firmanafn, heimilisfang og pósthfang umsækjanda;
2. Lýsing á fyrirhuguðum rekstri og eða breyting á rekstri;
3. Aðrar upplýsingar og gögn sem við eiga samkvæmt viðaukum I-V. Umsækjandi skal sýna fram á að hann valdi þeim þáttum í starfseminni sem gerir honum kleift að starfrækja flugleiðsöguþjónustu í samræmi við umsóknina og reglur þessar;

4. Upplýsingar um flugleiðsöguþjónustu sem veitt er eða stendur til að veita, upplýsingar um opnunartíma og þjónustustig.

Umsókn um starfsleyfi skal tekin til afgreiðslu er tilskildar upplýsingar og gögn hafa borist Flugmálastjórn.

Óski umsækjandi eftir því að takmarkaður verði aðgangur að þeim upplýsingum sem hann leggur fram með starfsleyfi, í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, skal hann tilgreina hvaða upplýsingar hann óski að svo skuli fara með og tilgreina ástæður þess.

#### 7. gr.

##### *Aðgengi að gögnum.*

Leyfishafi skal á hverjum tíma veita Flugmálastjórn Íslands fullan aðgang að mannvirkjum, búnaði, upplýsingum og gögnum er snerta leyfisskylda starfsemi hans og sýna fram á að leyfishafi fullnægi þeim skilyrðum sem lög og reglur kveða á um.

Leyfishafi skal tilkynna Flugmálastjórn Íslands, eins fljótt og verða má, fyrirhugaðar breytingar á þjónustu sem kunna að hafa áhrif á getu hans til að uppfylla almenn skilyrði fyrir rekstarleyfi eða sérstök skilyrði starfsleyfisins.

Leyfishafi skal tilkynna Flugmálastjórn Íslands eins fljótt og verða má um fyrirhugaðar öryggistengdar breytingar á þjónustunni.

#### 8. gr.

##### *Útgáfa starfsleyfis.*

Starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu er veitt til ákveðins tíma að því tilskildu að handhafi þess fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum, reglugerð þessari og öðru leiðbeiningarefni. Fyrsta útgáfa starfsleyfis má vera til allt að 1 árs en til allt að fimm ára við endurútgáfu.

Ef leyfishafi hefur stöðvað rekstur í sex mánuði eða ekki hafið rekstur að sex mánuðum liðnum frá veitingu starfsleyfis skal Flugmálastjórn ákveða hvort umsókn um starfsleyfi skuli lögð fram til samþykktar að nýju.

Í starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu skal tilgreint nafn og aðsetur rekstraraðila, útgáfudag og gildistíma leyfis, nafn ábyrgðaraðila og helstu stjórnenda, lýsingu á þjónustunni og hvers konar starfsemi er heimiluð. Undanþágur, takmarkanir eða skilyrði fyrir veitingu starfsleyfisins skulu tilgreind í því.

Komi nýr rekstraraðili að rekstri flugleiðsöguþjónustu er hefur gilt starfsleyfi er Flugmálastjórn heimilt, að fenginni umsókn þar um, að færa starfsleyfið yfir á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt, enda verði engin önnur breyting á starfsemi. Með þessu færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfið yfir á hinn nýja rekstraraðila.

#### 9. gr.

##### *Svipting eða brottfall starfsleyfis og skráningar.*

Handhafi starfsleyfis skal tafarlaust skýra Flugmálastjórn frá því ef starfsemi hans breytist þannig að forsendur starfsleyfis eða skráningarinnar brestu, t.d. að því er lýtur að stjórnun og starfrækslu einhverra þátta flugleiðsöguþjónustu, starfsliði, ástandi búnaðar eða mannvirkja.

Flugmálastjórn skal, eftir atvikum, veita leyfishafa tímabundinn frest til að gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr annmörkum á starfsemi og gera viðeigandi ráðstafanir, sé þess kostur, áður en gripið er til úrræða samkvæmt 3., 5. eða 6. mgr. þessarar greinar.

Uppfylli starfsleyfishafi ekki lengur almennar og eða sérstakar kröfur í viðaukum I-V og eða bresti forsendur annarra skilyrða starfsleyfisins að einhverju leyti skal Flugmálastjórn

heimilt að breyta starfsleyfi, fella starfsleyfi úr gildi að hluta eða öllu leyti tímabundið eða afturkalla leyfi, enda telji Flugmálastjórn sig ekki lengur hafa fulla vissu um að leyfishafi geti haldið uppi öruggum rekstri.

Starfsleyfi fellur úr gildi hafi handhafi starfsleyfisins verið tekinn til gjaldþrotaskipta eða sambærilegrar meðferðar og Flugmálastjórn telur engar raunhæfar líkur á að fjárhagsleg endurskipulagning takist svo fullnægjandi sé innan hæfilegs tíma.

Brjótí leyfishafi í mikilvægum atriðum lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina, skilyrði starfsleyfis eða reynist ófær um að reka starfsemina skal svipta hann leyfi.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að rjúfa, takmarka eða loka starfsemi leyfishafa tímabundið sé ástand eða rekstur með þeim hætti að stofnunin telur flugöryggi stefnt í hættu.

10. gr.

*Verktaka.*

Nú hefur umsækjandi samið við aðra aðila um að sinna tilteknum þáttum í starfsemi flugleiðsögu fyrir sína hönd og skal þá skýrlega kveðið á um þá þjónustubætti og ábyrgð í samningi milli aðila.

11. gr.

*Misnotkun geðvirkra efna.*

Hver sá sem hefur á hendi störf sem varða öryggi flugs (starfsmenn í öryggistengdum störfum), skal ekki gegna starfa sínum ef hann hefur neytt einhverra geðvirkra efna sem rýra starfshæfni hans. Slíkum starfsmönnum skal óheimil hvers konar misnotkun geðvirkra efna.

12. gr.

*Tilkynningarskylda.*

Leyfishafi skal tilkynna um öll frávik frá starfseminni í samræmi við ákvæði reglugerðar um tilkynningarskyldu flugslysa, alvarlegra flugatvika og atvika, eins og hún er á hverjum tíma.

13. gr.

*Rekstrarfyrirmæli.*

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út rekstrarfyrirmæli til handhafa starfsleyfis varðandi einstaka rekstrarþætti eða reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt í þágu flugöryggis.

Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi ber að viðhafa.

14. gr.

*Ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri.*

Ábyrgðarmaður daglegs rekstrar ber ábyrgð á rekstri á flugleiðsöguþjónustu í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Öryggisstjóri ber ábyrgð á öryggisstjórnunarkerfi skv. 3. gr. viðauka II við reglugerð þessa.

Ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri skulu vera sérstakir trúnaðarmenn Flugmálastjórnar hjá rekstraraðila flugleiðsöguþjónustu og hljóta til þess viðurkenningu stofnunarinnar samkvæmt umsókn. Skal mat Flugmálastjórnar á viðurkenningu grundvallast á forsendum um menntun, kunnáttu og reynslu.

Ef ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri láta af störfum hjá rekstraraðila eða hyggjast gera það, ber ábyrgðarmanni flugleiðsöguþjónustu að tilkynna Flugmálastjórn um það tafarlaust og sækja um viðurkenningu á eftirmanni. Starfsemi rekstraraðila má ekki halda áfram án leyfis Flugmálastjórnar fyrr en nýr ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri hafa hafið störf að nýju.

Tilnefna má staðgengla ábyrgðarmanns daglegs rekstrar og öryggisstjóra. Leita ber viðurkenningar Flugmálastjórnar fyrirfram á hlutaðeigandi.

Nú telur Flugmálastjórn að ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri uppfylli ekki lengur það traust sem honum er áskilið og skal stofnuninni þá heimilt að draga viðurkenningu sína til baka til bráðabirgða en að fullu telji stofnunin forsendur brostnar fyrir viðurkenningu. Flugmálastjórn skal eiga endanlegt mat á viðurkenningu á trúnaðarmönnum.

15. gr.

*Málskotsréttur.*

Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands sæta kæru samkvæmt almennum reglum stjórn-sýslulaga.

16. gr.

*Refsingar.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

17. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr. a., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og staðfestist hér með til að taka gildi þann 1. júlí 2006.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

1. Flugumferðarsvið Flugmálastjórnar Íslands skal hafa sjálfstæða aðild gagnvart flug-öryggissviði stofnunarinnar hvað málsmeðferð snertir samkvæmt reglugerð þessari til 1. janúar 2007.
2. Flugmálastjórn Íslands er heimilt að gefa út bráðabirgða starfsleyfi til þeirra aðila sem nú hafa flugleiðsöguþjónustu með höndum, enda telur stofnunin að flugöryggi verði ekki stefnt í hættu.

*Samgönguráðuneytinu, 19. júní 2006.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

VIÐAUKI I  
**Almennar kröfur fyrir veitingu flugleiðsöguþjónustu.**

1. Tæknileg og rekstrarleg hæfni og geta.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal geta veitt leyfisskylda þjónustu á öruggan, skilvirkan og áreiðanlegan hátt í samræmi við það stig hæfilegrar eftirspurnar sem fyrir hendi er í viðkomandi loftrými. Í því skyni skal leyfishafi viðhalda nægilegri þekkingu, tækni- og rekstrarlegri getu.

2. Skipulag og stjórnun.

2.1 Uppbygging stjórnskipulags.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal hafa stjórnskipulag sem gerir honum kleift að stjórna starfsemi sinni með áherslu á öryggi, skilvirkni og viðvarandi veitingu þjónustu. Stjórnskipulagið skal tilgreina:

- (a) valdsvið, ábyrgð og skyldur tilnefndra ábyrgðarmanna, einkum yfirmanna öryggismála, gæðakerfis, verndarmála, fjármála og mannauðs og daglegs reksturs;
- (b) uppbyggingu og boðleiðir milli mismunandi hluta og ferla rekstraraðilans.

3. Öryggis- og gæðastjórnun.

3.1 Öryggisstjórnun.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal annast alla þætti í öryggi þjónustunnar. Í þeim tilgangi skal hann stofna til formlegs samráðs við hagsmunaðila sem geta haft áhrif á öryggi þjónustunnar.

3.2 Gæðakerfi.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal fyrir 1. janúar 2008 hafa komið á gæðakerfi sem tekur til allrar þjónustu sem starfsleyfi nær til. Jafnframt skal rekstraraðili tilnefna gæðastjóra.

3.3 Starfsreglur.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal setja og viðhalda starfsreglum vegna leyfisskyldrar þjónustu með leiðbeiningum fyrir starfsmenn um framkvæmd hennar. Tryggja skal að:

- (a) starfsreglur innihaldi nauðsynleg fyrirmæli og upplýsingar til þess að starfsmenn geti sinnt skyldustörfum sínum;
- (b) starfsmenn hafi greiðan aðgang að öllum þeim hlutum starfsreglna sem lúti að skyldustörfum þeirra;
- (c) starfsmönnum sé tafarlaust kynntar hvers konar breytingar og leiðréttingar, ásamt upplýsingum um gildistöku, sem gerðar eru á starfsreglunum.

4. Verndarkröfur.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal tryggja öryggi:

- (a) mannvirkja, búnaðar og starfsmanna til að koma í veg fyrir ólögmatar aðgerðir gegn þjónustunni;
- (b) rekstrargagna sem til verða við starfsemina eða hann með öðrum hætti vinnur með, svo aðgangur sé takmarkaður við þá sem nauðsynlega þurfa á að halda.

## 5. Mannauður.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki með viðeigandi menntun og þjálfun.

## 6. Fjárhagslegar kröfur.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal hafa fjárhagsgetu til að standa undir skuldbindingum sínum.

## 7. Ábyrgð og váttryggingar.

Frá og með 1. janúar 2007 skal rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu hafa gert tilhlýðilegar ráðstafanir vegna hugsanlegrar bótaábyrgðar samkvæmt lögum. Þær ráðstafanir sem gripið er til skulu vera viðeigandi miðað við hugsanlegt tjón og skaða sem hlotist gæti af starfseminni, að teknu tilliti til lagalegrar stöðu rekstraraðila og möguleika til váttrygginga á markaði.

## 8. Gæði þjónustu.

## 8.1 Opin og gagnsæ þjónusta.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal veita leyfisskylda þjónustu á opinn og gagnsæjan hátt. Birta skal skilyrði um aðgang að þjónustu og stofna skal til formlegs samráðs við notendur þjónustunnar með reglubundnum hætti, a.m.k. einu sinni á ári.

Óheimil er hvers konar mismunun á grundvelli þjóðernis, auðkenni notanda eða flokks notenda.

## 8.2 Viðbúnaðaráætlun.

Frá og með 1. júlí 2007 skal rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu hafa viðbúnaðaráætlun vegna allra þjónustuþátta er gætu leitt til verulega skertrar þjónustu eða truflunar á þjónustu.

## 9. Tilkynningarkröfur.

Frá og með árinu 2007 skal rekstraraðili skila Flugmálastjórn ársskýrslu um starfsemi sína.

## VIÐAUKI II

**Sérstakar kröfur fyrir veitingu flugumferðarþjónustu.**

## 1. Eignarhald.

Rekstraraðili skal gera grein fyrir eftirfarandi atriðum til Flugmálastjórnar Íslands:

- félagaformi, eignarhaldi og hvers konar fyrirkomulagi á starfsemi sem kann að hafa áhrif á stjórn eigna;
- tengslum við stofnanir og félög sem ekki eru veitendur flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. viðskipti sem það stundar annaðhvort beint eða óbeint gegnum tengd félög, sem samanstanda af meira en 1% af væntanlegum tekjum. Enn frekar skal rekstraraðili tilkynna um hvers konar breytingu á eignarhlut sem fer yfir 10% eða meira af heildareign.

Rekstraraðili skal geta sýnt fram á hvenær sem er að hann hafi eignarhald eða formleg yfirráð yfir viðeigandi aðstöðu, tæknibúnaði og kerfum sem starfsemin krefst.

Rekstraraðili flugumferðarþjónustu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist að hagsmunaárekstur verði við hlutlausa og hlutlæga framkvæmd þjónustunnar.

## 2. Opin og gegnsæ veiting þjónustu.

Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu skal veita þjónustu sína á opinn og gagnsæjan hátt. Birta skal skilyrði um aðgang að þjónustu og stofna skal til formlegs samráðs við notendur þjónustu með reglubundnum hætti, a.m.k. einu sinni á ári.

Óheimil er hvers konar mismunun á grundvelli þjóðernis, auðkenni notanda eða flokks notenda.

## 3. Öryggi þjónustu.

Rekstraraðili skal geta sýnt fram á að verklag og starfsreglur uppfylli reglur Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (EUROCONTROL), ESARR 3, útg. 1.0 um öryggisstjórnunarkerfi flugleiðsöguþjónustu (on the use of safety management systems by ATM providers). Samhliða skal rekstraraðili skipa öryggisstjóra.

Virgni gæða- og öryggisstjórnunarkerfa skal vera tryggð og viðeigandi mælikvörðum komið á. Rekstraraðili skal gera ríkar kröfur um innri gæðaúttektir til að tryggja starfsemi þessara kerfa og til að festa verklag og starfsreglur í sessi.

Frá og með 1. janúar 2008 skal rekstraraðili geta sýnt fram á að verklag og starfsreglur uppfylli reglur Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (EUROCONTROL), ESARR 4, útg. 5. apríl 2001 um áhættumat í rekstrarstjórn flugumferðar (risk assessment and mitigation in ATM).

## 4. Verklag og starfsreglur.

Rekstraraðili flugumferðarþjónustu skal geta sýnt fram á að verklag og starfsreglur uppfylli eftirtaldir kröfur viðauka við Chicago-samninginn hvað varðar þá þjónustu sem veitt er:

- viðauki 2 um flugreglur (10. útg., júlí 2005);
- 2. bindi, viðauka 10 um flugfjarskipti (6. útg., október 2001 með áorðnum breytingum að breytingu nr. 79 og að henni meðtalinni);
- viðauki 11 um flugumferðarþjónustu (13. útg., júlí 2001 með öllum breytingum að breytingu nr. 43 og að henni meðtalinni).

### VIÐAUKI III

#### Sérstakar kröfur fyrir veitingu veðurþjónustu.

## 1. Tæknileg og rekstrarleg hæfni.

Sýna skal fram á að tæknileg og rekstrarleg geta sé í samræmi við alþjóðlega þróun flugveðurþjónustu og að ráðstafanir séu gerðar til að henni sé viðhaldið.

## 2. Verklag og starfsreglur.

Rekstraraðili veðurþjónustu skal geta sýnt fram á að verklag og starfsreglur uppfylli eftirtaldir kröfur viðauka við Chicago-samninginn hvað varðar þá þjónustu sem veitt er:



- viðauki 3 um veðurþjónustu (15. útg., júlí 2004);
- viðauki 11 um flugumferðarþjónustu (13. útg., júlí 2001 með öllum breytingum að breytingu nr. 43 og að henni meðtalinni);
- 1. og 2. bindi, viðauka 14 um flugvelli (1. bindi: 4. útg., júlí 2004; 2. bindi: 2. útg. 1995 með öllum breytingum að breytingu 3 og að henni meðtalinni).

#### VIÐAUKI IV

##### **Sérstakar kröfur fyrir veitingu upplýsingaþjónustu flugmála.**

##### 1. Tæknileg og rekstrarleg hæfni.

Sýna skal fram á að tæknileg og rekstrarleg geta sé í samræmi við alþjóðlega þróun í upplýsingaþjónustu flugmála og að ráðstafanir séu gerðar til að henni sé viðhaldið.

##### 2. Verklag og starfsreglur.

Rekstraraðili upplýsingaþjónustu flugmála skal geta sýnt fram á að verklag og starfsreglur uppfylli eftirtaldir kröfur viðauka við Chicago-samninginn hvað varðar þá þjónustu sem veitt er:

- viðauki 3 um veðurþjónustu (15. útg., júlí 2004);
- viðauki 4 um flugkort (10. útg., júlí 2001 með öllum breytingum að breytingu nr. 53 og að henni meðtalinni);
- viðauki 15 um upplýsingaþjónustu flugmála (12. útg., júlí 2004).

#### VIÐAUKI V

##### **Sérstakar kröfur fyrir veitingu fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu.**

##### 1. Tæknileg og rekstrarleg hæfni.

Rekstraraðili fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu skal tryggja að þjónusta sem veitt er sé ávallt aðgengileg, samfelld, nákvæm og áreiðanleg.

Rekstraraðili þjónustunnar skal staðfesta gæðastig þjónustunnar og sýna fram á að öllum búnaði sé reglulega viðhaldið og þar sem þess er krafist stilltur.

##### 2. Öryggi þjónustu.

Rekstraraðili fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónustu skal framfylgja ákvæðum viðauka II,

3. lið, um öryggi þjónustunnar.

##### 3. Verklag og starfsreglur.

Rekstraraðili fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu skal geta sýnt fram á að verklag og starfsreglur uppfylli eftirtaldir kröfur viðauka við Chicago-samninginn hvað varðar þá þjónustu sem veitt er:

- viðauki 10 um flugfjarskipti (1. bindi: 5. útg., júlí 1996; 2. bindi: 6. útg., október 2001; 3. bindi: 1. útg., júlí 2005; 4. bindi: 4. útg., júlí 2002; 5. bindi: 2. útg., júlí 2001

Nr. 535

19. júní 2006

að breytingu nr. 79 og að henni meðtalinni, að svo miklu leyti sem kröfurnar taka til fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu í því loftrými sem um ræðir.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2006